

Persónuverndarstefna Sýnis ehf.

Sýni ehf. leggur mikla áherslu á persónuvernd, trúnað, óhlutdrægni og þagmælsku í störfum sínum. Sýni er annt um að gæta vel að skilyrðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“), og að öll vinnsla með persónuupplýsingar sé í samræmi við persónuverndarlög. Í persónuverndarstefnu þessari er gerð grein fyrir hvernig Sýni varðveitir og vinnur persónuupplýsingar í samræmi við persónuverndarlög. Stefnan er í samræmi við framangreind lög um persónuvernd.

Persónuupplýsingar, skilgreining

Í persónuverndarlögunum er að finna skilgreiningu á hugtakinu persónuupplýsingar sem hljóðar þannig:

Persónuupplýsingar: Upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („skráðan einstakling“); einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Persónuupplýsingar sem Sýni ehf. vinnur með og tilgangur vinnslu

Vegna eðlis starfa Sýnis er starfsfólki fyrirtækisins oft nauðsynlegt að vinna með ýmsar persónuupplýsingar um starfsfólk fyrirtækisins, viðskiptavinum, starfsmenn viðskiptavina og samstarfsaðila, og annarra til þess að geta veitt þá þjónustu sem óskað er eftir. Um er að ræða t.a.m. nafn, kennitölu, heimilisfang, starfstítl, netfang og símanúmer. Sum verkefni eru þess eðlis að starfsfólk fyrirtækisins vinnur með viðkvæmar persónuupplýsingar, þó einna helst um starfsfólk, t.a.m. um aðild að stéttarfélagi.

Oftast nær er upplýsinga aflað beint frá viðskiptavinum eða tengiliðum þeirra. Í einhverjum tilfellum er upplýsinga þó aflað frá þriðja aðila, t.d. stjórnvöldum, úr opinberum skrá, Creditinfo og þá á grundvelli umboðs frá viðkomandi viðskiptavinum, sbr. 1. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga eða á grundvelli 2. tölul. 9. gr.

Heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga

Sýni byggir vinnslu persónuupplýsinga í langflestum tilvikum á samþykki starfsfólks, viðskiptavina, tengiliða/starfsfólks viðskiptavina eða annarra aðila sem unnið er með upplýsingar um, sbr. 1. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga, og nauðsyn til að efna samning við viðskiptavin, sbr. 2. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga. Í þeim tilvikum þegar um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar byggir vinnslan alla jafna á 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga, þ.e. á afdráttarlausu samþykki viðkomandi.

Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila

Vegna starfsemi Sýnis kann að vera nauðsynlegt fyrir starfsfólk fyrirtækisins að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila, t.a.m. í tengslum við þau verkefni sem fyrirtækið vinnur að fyrir viðkomandi. Sem dæmi þá kann að vera að Sýni þurfi að miðla persónuupplýsingum til þriðju aðila sem veita fyrirtækinu upplýsingatækniþjónustu eða

aðra þjónustu sem varðar rekstur fyrirtækisins, og er nauðsynleg vegna þeirra starfa sem við innum af hendi.

Í þeim tilvikum er gætt að því að miðlun sé á grundvelli vinnslusamninga við viðkomandi þriðja aðila, vinnsluaðila, þar sem mælt er fyrir um ábyrgð og skyldur vinnsluaðila.

Sýni miðlar ekki persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema fyrir slíkri miðlun liggi samþykki viðkomandi viðskiptavinar.

Öryggi

Viðskiptavinir Sýni geta ávallt óskað eftir að rangar skráningar séu leiðréttar. Beiðni um leiðréttingu skal send á netfangið kolbrun@syni.is ásamt auðkenni, svo sem skönnuðu vegabréfi eða ökuskírteini.

Réttindi viðskiptavinar

Viðskiptavinum Sýnis er öllum stundum heimilt að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem fyrirtækið vinnur um viðkomandi viðskiptavin og upplýsingar um hvernig vinnslunni er hagað, nema lög mæli fyrir um annað. Við ákveðnar aðstæður getur viðskiptavinur óskað eftir því að persónuupplýsingum um viðkomandi verði eytt, t.a.m. þegar samþykki fyrir vinnslu hefur verið afturkallað og engin önnur heimild liggur til grundvallar henni eða varðveisla upplýsinganna er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang vinnslunnar. Sé vinnsla persónuupplýsinga byggð á samþykki er viðskiptavini hvenær sem er heimilt að afturkalla samþykki sitt.

Framangreind réttindi eru ekki fortakslaus, enda kunna lög að skylda Sýni til að hafna óskum um eyðingu eða aðgang/afhendingu gagna, auk þess sem Sýni getur átt rétt á að hafna slíkri beiðni þegar aðrir hagsmunir vega þyngra, t.a.m. réttindi annarra aðila til friðhelgi einkalífs eða á grundvelli hugverkaréttar.

Beiðni um upplýsingar eða eyðingu gagna skal send á netfangið kolbrun@syni.is ásamt auðkenni, svo sem skönnuðu vegabréfi eða ökuskírteini.

Geymsla og eyðing gagna

Sýni eyðir þeim persónuupplýsingum sem fyrirtækinu er ekki nauðsynlegt að geyma vegna starfa þess, t.a.m. við lok verkefnis. Í mörgum tilvikum er Sýni þó skylt að geyma upplýsingar í tiltekinn tíma, t.a.m. á grundvelli laga um bókhald.

Persónuvernd, fyrirspurnir og kvartanir

Viðskiptavinur Sýnis sem er ósáttur við vinnslu fyrirtækisins á persónuupplýsingum getur sent erindi, fyrirspurn og/eða kvörtun til Persónuverndar (personuvernd.is) sem hefur eftirlit með lögum og reglum um vinnslu persónuupplýsinga.

Samskiptaupplýsingar

Eftirlit með framfylgni stefnu þessarar hefur Kolbrún Arnardóttir, kolbrun@syni.is, sími: 512-3380.

Samskiptaupplýsingar um fyrirtækið: Sýni ehf., Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogur.

Endurskoðun

Persónuverndarstefna þessi getur tekið breytingum, t.a.m. í samræmi við breytingar á lögum eða reglugerðum. Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt á heimasíðu Sýnis.

Persónuverndarstefna þessi tók gildi 10. nóvember 2022.